

## REGLUGERÐ

um (17.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Við c-staflið 29. gr. (þ.e. lyf, sem tannlæknum er heimilt að ávísa sjúklingum sínum) bætist:

A 07 A A 02	Nystatinum
D 01 A A 02	Nystatinum
D 06 A	Sýklalyf
D 06 B B 03	Aciclovirum

2. gr.

31. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

„Tannlæknum er heimilt að ávísa sjálfum sér til notkunar við störf sín lyfjum þeim, sem greind eru í 29. gr., með þeim takmörkunum, sem þar greinir, auk staðdeyfilyfja (N 01 B) og Epinephrinum (Adrenalinum) (R 03 C A 01). Ennfremur þeim lyfjum, sem greind eru í 30. gr. í formi stungulyfja og taflna.“

3. gr.

Í viðauka 4 við reglugerðina við efnið Bisacodylum skal standa undir dálkinum „Hámarks magn og/eða takmarkanir“:

„Endaþarmsstílar 10 mg; mest 12 stk. handa einstaklingi.“

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi 1. apríl 1994.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. mars 1994.*

**Guðmundur Árni Stefánsson.**

*Páll Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Patrekshrepps og Bíldudalshrepps í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. einnig 2. tölulið 1. gr. laga nr. 75/1993, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 17. mars 1994 staðfest sameiningu Barðastrandarhrepps, Rauðasandshrepps, Patrekshrepps og Bíldudalshrepps í Vestur-Barðastrandarsýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 28. maí 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga. Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 11. júní 1994.

Skoðanakönnun skal fara fram um nafn hins nýja sveitarfélags og skal nafnið ákveðið á grundvelli hennar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. mars 1994.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

Sesselja Árnadóttir.

## GJALDSKRÁ

**vegna sorphirðu fyrir Þingvallahrepp árið 1994.**

1. gr.

Hreppsnefnd Þingvallahrepps er heimilt að innheimta sérstakt sorphirðugjald árið 1994 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Á sveitabæi	kr. 3 000
Á sumarbústaði	kr. 1 000
Á fyrirtæki	kr. 20 000

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Þingvallahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Umhverfisaráðuneytið, 11. mars 1994.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.